

Alþingi  
Erindi nr. Þ 132/605  
komudagur 12.1.2006



Siðmennt

Félag siðrænna humanista á Íslandi

Reykjavík 10. janúar 2006.

Til: Allsherjarnefndar Alþingis

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um réttarstöðu samkynhneigðra, 340. mál, breyting ýmissa laga.

Stjórn Siðmenntar styður eindregið þær breytingar sem lagðar eru til á réttarstöðu samkynhneigðra samkvæmt lögum.

Tillögur Allsherjarnefndar eru í samræmi við stefnuskrá Siðmenntar þar sem segir meðal annars:

"Siðmennt virðir réttinn til einkalífs. Fullorðið fólk á þar að hafa fullt frelsi til að velja og hafna, fylgja kynhneigð sinni að eigin vild [...]."

Og

"Siðmennt leggur áherslu á ábyrgð hvers einstaklings gagnvart náunga sínum. Félagið stendur vörð um rétt einstaklinga til að þroskast á ólíkum forsendum og hvetur þá til ábyrgðar bæði á eigin velferð og á velferð annarra."

Siðmennt er þessar skoðunar að samkynhneigðir eigi að njóta sömu réttinda og gagnkynhneigðir að öllu leiti.

Siðmennt hvetur Allsherjarnefnd einnig heilshugar til að gera breytingar á hjúskaparlögum þannig að skráð trúfélög öðlist rétt til að gefa saman samkynhneigða einstaklinga. Siðmennt minnir á að með slíkri breytingu yrði skráðum trúfélögum heimilt en ekki skytt að að gefa saman samkynhneigða. Ekkert mælir á móti slíkri lagabreytingu enda verður trúfélögum frjálst að velja hvort þau vilja nýta sér umrædda heimild. Það besta við slík lög er að þau myndu auka réttarstöðu samkynhneigðra umtalsvert án þess að skerða rétt trúfélaga til að taka ákvörðun á eigin forsendum.

Að lokum má þess geta að ef Siðmennt hefði réttindi til að gefa saman einstaklinga (eins og systurfélag Siðmenntar, Human Etisk Forbund, í Noregi hefur) væri félagið meira en reiðubúið til þess gefa saman samkynhneigð pör.

Stjórn Siðmenntar hvetur því til þess að umræddar lagabreytingar hljóti brautargengi.

Virðingarfyllt  
F.h. stjórnar Siðmenntar

Hope Knútsson  
Æsufelli 4, 111 Reykjavík